



Kona drepur særðan mann, 1994. Eig. Astrup Fearnley Museet for Moderne Kunst, Ósló.

MÁLARI YFIRBORÐSINS OG RAUNVERULEIKANS


Á Kjarvalsstöðum verður opnuð í dag kl. 16 sýning á málverkum eftir norska listamanninn Odd Nerdrum sem mörgum er kunnur fyrir óvenjulega myndlist sína sem segja má að sé einhvers konar blanda af nútímalist og málverkum barokktímans. Odd hefur margoft áður lagt leið sína hingað til lands og mörg íslensk kennileiti ber fyrir augu í myndum hans, en þetta er í fyrsta skipti sem hann sýnir verk sín hér á landi.

ÞORVARÐUR HJÁLMARSSON ræddi við Odd.

FRÆNDI vor Odd Nerdrum er hinn þægilegasti maður og liggur ekki á skoðunum sínum enda engin ástæða til þess í sjálfu sér. Hann lifnar allur við þegar hann talar um heimspeki listarinnar og manninn sem hann telur að hafi skapað nútímann, prófessorinn þýska Immanuel Kant. Sjálfur tekur Odd ekki leiðsögn nútímalistfræðinga og heldur ótraudur sína leið. Myndir hans eru fáu eða engu líkar og er sjón sögu ríkari í því sambandi, á köflum er hann eins og Rembrandt endurborinn, en þó er viðfangsefni þeirra nær hinum bersögla samtíma okkar en hollenska

meistarans. Það sem athygli vekur er að höfundur þeirra kennir þær við það heldur neikvæða hugtak „kitsch“.

„Verk mín eru ekki listaverk heldur „kitsch“,“ segir Odd Nerdrum og lætur sér hvergi bregða. „Á þessu tvennu er mikilvægur greinarmunur, því þegar þú lítur á hlutina á listrænan hátt, ert þú að horfa á þá öðruvísi en þú ættir að virða verk mín fyrir þér. Til að gefa þér vísbendingu um hvað ég á við má taka dæmi af hinu fræga málverki eftir Þórarin B. Þorláksson af hesti á Þingvöllum mál- að aldamótaárið 1900, sem þú horfir á með ákveðnu hugarfari, en þú horfir á málverk eftir Erró með allt öðru hugarfari. Þetta eru



Morgunblaðið/Ásdís

Norski myndlistarmaðurinn Odd Nerdrum.

tvær gjörólíkar aðferðir við að horfa á málverk. Til að skýra þetta enn betur, þá horfir þú á mynd Þórarins B. Þorlákssonar á sama hátt og þú horfir á kitsch-mynd, á Erró og Kristján Davíðsson horfir þú á með allt öðru hugarfari, listrænu hugarfari. Þú þarft að breyta hugarfari þínu áður en þú horfir á myndirnar. Hin listræna leið til að horfa á myndir er sú að skilja þær með tilliti til nútímans, skilja skírskotunina til nútímans í myndinni og hvernig myndin speglar einhver tiltekin menningarleg vandamál í nútímanum. Mynd Þórarins B. Þorlákssonar er á margan hátt það sem við köllum eilífðarsýn, sama sýn á veröldina og hjá Grikkjunum forðum daga,

eilíf andrá sem birtist á yfirborði myndarinnar. Allt sem skiptir máli er í myndinni og sjáanlegt á yfirborði hennar, en hjá Kristjáni Davíðssyni leynist allt að baki myndarinnar þannig að þú þarft að lesa þinn skilning í hana. Greinarmunurinn er sá að í kitschinu er allt á yfirborðinu, en í listinni með stórum staf, býr allt það sem listamaðurinn vildi segja að baki myndarinnar.“

Og þarna er komin skýringin á því hvers vegna að þú kallar þig kitsch-málarann?

„Já, vegna þess að ég nota ekki hina listrænu aðferð heldur kitsch-aðferðina sem snýst um hjarta þitt, langanir þínar og tilfinningar, eilíft andrúm sem við þekkjum öll og